

2342. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn fimmtudaginn 29. janúar 2026 og hófst kl. 16:00. Fundurinn var haldinn á Laugardalsvelli og á Teams.

Mættir stjórnarmenn:

Þorvaldur Örylgsson formaður
Helga Helgadóttir varaformaður
Ingi Sigurðsson varaformaður
Börkur Edvardsson
Halldór Breiðfjörð Jóhannsson
Ólafur Hrafn Ólafsson
Pálmi Haraldsson
Sveinn Gíslason
Þorkell Máni Pétursson

Á Teams:

Tinna Hrund Hlynsdóttir

Forföll:

Heimir Fannar Gunnlaugsson

Mættir starfsmenn:

Eysteinn Pétur Lárusson framkvæmdastjóri
Ómar Smáráson sviðsstjóri markaðssviðs sem
ritaði fundargerð

Þorvaldur Örylgsson formaður KSÍ bauð alla velkomna og fór yfir dagskrá fundarins.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar.
 - a. Lögð fram fundargerð síðasta stjórnarfundar (fundur nr. 2341). Fundargerðin hefur þegar verið undirrituð rafrænt.
2. Fundargerðir nefnda lagðar fram og fréttir af vettvangi ÍTF.
 - a. Ein fundargerð nefndar lögð fram:
 - i. Fundargerð mótanefndar - 11. fundur starfsársins - þar sem m.a. var fjallað um þátttöku og forsendur að dráttum í Mjólkurbíkar karla og kvenna, riðlaskiptingu 5. deildar karla og mögulegar útfærslur á fyrirkomulagi 2. deildar kvenna.
 - b. Ólafur Hrafn Ólafsson varaformaður ÍTF flutti fréttir af vettvangi samtakanna. Aðalfundur ÍTF verður haldinn í annarri viku febrúar, verið er að undirbúa uppgjör og áætlun, og stjórnarkjör þar sem kosið verður um þrjá í stjórn. Samtal er hafið við Sýn um endurnýjun á samningi um sýningarrétt Bestu deilda karla og kvenna.
3. Upplýsingagjöf milli funda frá framkvæmdastjóra / skrifstofu.

Eysteinn Pétur Lárusson framkvæmdastjóri fór yfir ýmis verkefni og viðburði sem hafa verið í deigluinni síðustu vikur og verkefni komandi vikna og mánaða.

Á meðal þess sem Eysteinn nefndi var að unnið hefur verið að undirbúningi UEFA þings sem haldið er í Sviss í febrúar og m.a. hefur KSÍ fundað með knattspyrnusamböndum á Norðurlöndum um sameiginleg málefni. Þá var fulltrúum KSÍ boðið á vinnustofu í Marokkó um þróun knattspyrnu í hinum ýmsu löndum, vinnustofu sem haldin var í tengslum við Afríkukeppni A landsliða karla. Janúarmánuður hefur verið viðburðaríkur í fræðslu hjá KSÍ og alls hafa 495 manns sótt fræðsluviðburði á þessum fyrsta mánuði ársins. 290 manns sóttu þjálfaranámskeið í mánuðinum en námskeiðin voru alls 9 talsins, allt frá leikgreiningarnámskeiði, þjálfararáðstefnu þar sem helsta umræðuefnið var knattspyrna kvenna og svo hefðbundin UEFA þjálfaranámskeið. 108 manns sóttu þrjá viðburði tengda grasrótarmálum og 97 sóttu dómaranámskeið hjá félögum og

landsdómararáðstefnu. Eysteinn fór yfir umsókn KSÍ í afrekssjóð ÍSÍ og skrifleg samskipti KSÍ við ÍSÍ vegna úthlutunar úr sjóðnum. Stjórnarmenn ræddu samskiptin og afgreiðslu ÍSÍ á umsókn KSÍ. *Ákveðið að fela framkvæmdastjóra KSÍ að óska eftir fundi með forsvarsmönnum ÍSÍ um málið.* Í febrúar stendur til að funda með fulltrúum FIFA vegna nýs sparkvallaverkefnis FIFA (FIFA Arena Project) þar sem hvert aðildarsamband á möguleika á tveimur slíkum völlum til síns lands - og KSÍ á þannig möguleika á tveimur völlum til Íslands, en um hvern völl gildir ákveðin verka- og kostnaðarskipting. Þessir vellir eru ekki ósvipaðir þeim fjölmörgu völlum sem risu í sparkvallaátaki KSÍ á sínum tíma, en eilítið stærri. Loks nefndi Eysteinn að undirbúningur ársþings er í fullum gangi og unnið er að fjárhagsuppgjöri. Svið innan skrifstofu KSÍ eru að aðlaga sig að nýju skipuriti og skipulagsbreytingum, og gengur það vel.

4. Lög og reglugerðir.

- a. Eysteinn Pétur framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna á vinnu nokkurra starfshópa, þar sem nefna má m.a. starfshóp um hlé á miðju keppnistímabili, starfshóp sem rýnir verkaskipting formanns, varaformanna og framkvæmdastjóra KSÍ, starfshóp sem rýnir skipulag og umgjörð bikarkeppni KSÍ, starfshóp sem rýnir mótafyrirkomulag Bestu deildar karla, starfshóp sem rýnir fjölda liða í mótum meistaraflokks kvenna, starfshóp vegna leyfisreglugerðar og starfshóp um fótbolta og ferðalög - sem er umræðuefni málþings fyrir komandi ársþing KSÍ.
- b. Nefndir 2026-2027. Til upplýsingar lagði Eysteinn Pétur fram upplegg að skipan í hinar ýmsu nefndir og ráð sem kosið verður um á komandi ársþingi.
- c. Reglugerð um knattspyrnumót. Lögð fram tillaga um útfærslu varðandi bikarkeppni KSÍ, sem felst í því að ríkjandi bikarmeistarar taka ekki þátt í forkeppni heldur hefji leik í 32-liða úrslitum líkt og lið úr efstu deild. *Stjórn KSÍ samþykkti breytinguna.*
- d. Eysteinn Pétur fór yfir drög að uppfærðum málsmeðferðarreglum borgarráðs sem snúa að veitingu áfengisleyfa í tenglum við íþróttastarf. ÍSÍ og ÍBR hafa fundar með fulltrúum borgarinnar og í framhaldinu verða drögin kynnt fyrir sérsamböndum og íþróttafélögum í Reykjavík.
- e. Eysteinn Pétur kynnti erindi frá Knattspyrnufélagi Stokkseyrar - álit félagsins vegna fyrirkomulags 5. deildar mfl. karla leiktímabilið 2026. Stjórn Stokkseyrar fer í erindi sínu fram á að félagið, sem hafnaði í fallsæti í 5. deild keppnistímabilið 2025, haldi sæti sínu í 5. deild og verði tekið framur liði sem hafnaði í þriðja sæti í Utandeild á síðasta tímabili. Helga Helgadóttir formaður mótanefndar tók til máls og skýrði ákvörðun mótanefndar í málinu, og kom fram í máli Helgu að sú ákvörðun er í samræmi við gildandi ákvæði í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. *Stjórn KSÍ staðfesti ákvörðun mótanefndar.*
- f. Loks nefndi Eysteinn að lög KSÍ þarf að uppfæra, m.a. vegna breytinga hjá ÍSÍ varðandi íþróttahéröð. Ekki er um að ræða efnislegar breytingar.

5. Móta- og dómaramál.

- a. Helga Helgadóttir formaður mótanefndar fór yfir ýmis mótamál. Drög að flestum mótum hafa verið birt og dregið hefur verið í forkeppni Mjólkurbikars karla og kvenna.
- b. Halldór Breiðfjörð dómaranefndarmaður fór yfir nokkur atriði tengd dómaramálum. Landsdómararáðstefna var haldin nýlega - frábær mæting var á ráðstefnuna sem var vel heppnuð, mikill metnaður er í dómarahópnum og eftirvænting fyrir komandi tímabili. Breytingar hafa orðið í dómaranefndinni - Oddur Helgi Guðmundsson er hættur og er lagt til að Jens Elvar Sævarsson komi inn í hans stað. *Stjórn KSÍ samþykkti breytinguna.* Verið er að skoða möguleika á landsdómararáðstefnu og æfingaferð erlendis á komandi

ári, án aukins kostnaðar fyrir KSÍ. Innleiðing á COMET móta- og upplýsingakerfinu gengur mjög vel hjá dómurum og starfsmönnum dómaramála að sögn Halldórs, og er um mikla framför að ræða. Þá greindi Halldór frá því að unnið væri að breytingu á uppleggi fræðslumála og á fræðsluefni, og verið að virkja KSÍ-dómarana sjálfa til að kenna á dómaramámskeiðum, og þá er einnig verið að skoða möguleikana á að fjölga námskeiðum sem eru haldin rafrænt yfir netið. Fjölbautaskóli Suðurnesja hafði samband við KSÍ og óskaði eftir að fá dómaraáfangar í nám við skólann og var því að sjálfsögðu vel tekið, enda hafa slíkir áfangar verið kenndir við framhaldsskólana á Akranesi og á Selfossi með góðum árangri.

6. Landsliðsmál

- a. Þorvaldur Örylgsson formaður fór stuttlega yfir landsliðsmál. Framundan eru verkefni yngri landsliða og leikur A landsliðs karla við Mexíkó ytra í febrúar – leikur utan FIFA-glugga. Tveir leikir A landsliðs kvenna eru framundan í mars – fyrstu leikir liðsins í undankeppni HM 2027 - útileikir á Spáni og Englandi, og hafa leikstaðir og leiktímar verið staðfestir. Því næst leikur íslenska liðið tvo heimaleiki á Laugardalsvelli í apríl - gegn Úkraínu og Englandi, og er mótsmiðasala á alla heimaleikina í fullum gangi. Þá eru marsvináttuleikir A landsliðs karla staðfestir þar sem íslenska liðið mætir Kanada og Haítí í Toronto, Kanada. Unnið er að því að staðfesta tvo leiki sem verða í júniglugganum hjá A landsliði karla, og nokkrir möguleikar eru í stöðunni.
- b. Þorvaldur formaður sagði frá óformlegum fundi fulltrúa KSÍ með stjórn Þjóðarleikvangs ehf. og upplýsti hann einnig um samtal sem er í gangi milli KSÍ og ríkis og borgar um Laugardalsvöll. Stjórnarmenn ræddu málefni Laugardalsvallar, stöðuna og framhaldið á samtali KSÍ við ríki og borg, og samtalinu við borgina sérstaklega.

7. Ársþing KSÍ 2026

- a. Eysteinn Pétur framkvæmdastjóri fór yfir ýmis hagnýt atriði varðandi komandi ársþing KSÍ, sem haldið verður á Egilsstöðum 28. febrúar - undirbúning, ferðatilhögun og annað. Undir þessum lið ræddu stjórnarmenn almennt um staðsetningu ársþings. *Ákveðið að fela framkvæmdastjóra KSÍ að undirbúa könnun á meðal aðildarfélaga varðandi staðsetningar þinga almennt.*

8. Önnur mál.

- a. Tilnefning fulltrúa KSÍ í stjórn Getrauna. Tillaga gerð um að Þorvaldur Örylgsson formaður KSÍ haldi áfram sem aðalmaður og Helga Helgadóttir varaformaður KSÍ sem varamaður. *Stjórn KSÍ samþykkti tillöguna.*
- b. Halldór Breiðfjörð kynnti verkefni heiðursveitinganefndar og nýtt verklag sem er ætlað að hvetja félög til að vera virkari í því að tilnefna sína fulltrúa.
- c. Stjórnarmenn spurðu ýmissa spurninga um COMET móta- og upplýsingakerfið og nýjan vef KSÍ, og hvernig gengi að innleiða og virkja nýtt skipurit skrifstofu. Eysteinn framkvæmdastjóri og Ómar Smárason sviðsstjóri markaðssviðs voru til svara.

Fundi slitið kl. 18:12.

Fundarritari: Ómar Smárason

Næst fundir boðaðir 13. og 27. febrúar.

Undirritunarsíða

Þorvaldur Örlygsson

Ingi Sigurðsson

Helga Helgadóttir

Pálmi Haraldsson

Tinna Hrund Hlynisdóttir Hafberg

Þorkell Máni Pétursson

Halldór Breiðfjörð Jóhannsson

Sveinn Gíslason

Eysteinn Pétur Lárusson

Edvard Börkur Edvardsson

Ólafur Hrafn Ólafsson